



Eigur skipverja

Vátryggingarskilmálar nr. MX10

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. MX10.
- Sameiginlegir skilmálar nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Vátrygging þessi er í samræmi við 69. gr. sjómannaálag nr. 35/1985 og reglugerð um greiðslur bóta fyrir eignir skipverja á íslenskum skipum sem eyðileggjast við sjóslys eða bruna nr. 224/1999.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Samsómun
9. Greiðsla iðgjalds
10. Endurgreiðsla iðgjalds
11. Eigendaskipti
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Eigin áhætta
14. Ákvörðun bóta
15. Undirtrygging
16. Framsal
17. Tvítrygging
18. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

Eigur skipverja eru vátryggðar.

2. Vátryggður

Útgerðarmaður er vátryggður.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir um borð í því skipi sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á eigum skipverja ef þær eyðileggjast:

- 4.1 Við sjóslys.
- 4.2 Við bruna.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppbots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Skipið sem eigur skipverja eru um borð í skal vera smíðað, útbúið og haldið við í samræmi við notkun þess. Jafnframt skal vátryggður, eða menn sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi skipsins.
- 6.2 Þegar skip sem eigur skipverja eru um borð í er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber vátryggðum að hafa reglulegt eftirlit með skipinu þegar það er í höfn eða í lægi.
- 6.3 Vátryggður skal sjá til þess að skipinu sem eigur skipverja eru um borð í sé haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Skipið sem eigur skipverja eru um borð í skal vera haffært þegar það lætur úr höfn, útbúið og mannað með fullnægjandi hætti, tryggilega hlaðið og nauðsynleg skipsskjöl skulu vera um borð.
- 6.4 Vátryggður skal sjá til þess að starfsmenn séu ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við vinnu sína.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð



félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Samsömun

Félagið getur borið fyrir sig háttsemi stjórnenda váttryggðs og stjórnenda skips þess sem eigur skipverja eru um borð í.

9. Greiðsla iðgjalds

9.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.

9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

10. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

11. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að skipinu eða það er sett undir aðra útgerðarstjórn fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða skipti á útgerðarstjórn hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum eða skiptum á útgerðarstjórn, ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

12. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingar-skírteini eða endurnýjunarkvittun.

13. Eigin áhætta

13.1 Af hverju tjóni ber váttryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.

13.2 Eigin áhætta breytist við endurnýjun váttryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu neysluserðs.

14. Ákvörðun bóta

14.1 Bætur skulu nema sannvirði þeirra eigna sem eyðileggjast og ekki fara fram úr upphæðum samkvæmt reglugerð nr. 224/1999.

14.2 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðyrnunar vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.

14.3 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingar-atburð.

14.4 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

15. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti eigna skipverja meira en váttryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

16. Framsal

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

17. Tvítrygging

17.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

17.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 17.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

18. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.